

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 22. nóvember 2012  
Tilvísun: UST20121100068/bs

## Nýjar flæði - og kerbrotagryfjur á hafnarsvæði við Grundartanga í Hvalfjarðarsveit. Umsögn um matsskyldu

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 9. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.


Hér er um að ræða urðun framleiðsluúrgangs iðjuveranna á Grundartanga. Um meðferð slíks úrgangs hefur að hluta þegar verið fjallað um við mat á umhverfisáhrifum. Sú förgun sem hér á sér stað er hluti þeirra starfsemi sem fram fer á Grundartanga og er tekið á urðun í starfsleyfi. Fram kemur í greinargerð að umhverfisvöktunaráætlun á Grundartanga 2012-2021 taki til eftirfarandi þátta sem snúa að flæði- og kerbrotagryfjum:


- Flæðigryfjur, en þar eru m.a. þungmálmar, sýaníð, fosfór og flúor mælt af Nýsköpunarmiðstöð Íslands á hverju ári. Alls er mælt á 10 stöðum og tekin viðmiðunarsýni úr Kalastaðafjöru á sama tíma. Samkvæmt greinargerð þá hefur núverandi vöktun ekki sýnt fram á neikvæð umhverfisáhrif á fjöru og grunnsævi af völdum núverandi urðunar.
- Lífríki sjávar - kræklingur, en þar eru PAH sambönd og þungmálmar mældir í mjúkvef ásamt PAH mælingum í sjávarseti. Umsjónaraðilar eru Rannsóknarmiðstöðin í sjávarlíffræði, Rannsóknarstofa Háskóla Íslands og Matis. Samkvæmt greinargerð þá hefur vöktun ekki leitt í ljós neikvæð umhverfisáhrif á dýralíf af völdum núverandi urðunar. Gert er ráð fyrir að núverandi vöktun muni taka yfir það svæði sem um ræðir.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að nýjar flæði - og kerbrotagryfjur muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Umhverfisstofnun þykir ástæða til að benda á hvort ekki sé æskilegt að nýta skilgreindar flæði - og kerbrotagryfjur betur þar sem þau svæði sem nýtt voru til urðunar og áttu að endast til ársins 2025, voru fullnýttar fyrr en ella vegna haugsetningar uppmoksturs úr iðnaðarlóðum.

Virðingarfyllst

  
Adalbjörg Birna Guttormsdóttir  
deildarstjóri

  
Olafur A. Jónsson  
Sviðsstjóri